

Siðanefnd BÍ – Úrskurður í máli nr. 9/2021-2022

Kærandi: Róbert Wessman.
Kærðu: Reynir Traustason, ritstjóri Mannlífs.
Kæruefni: Umfjöllun Mannlífs um kæranda 13. og 17. febrúar 2022.

Málsmeðferð.

Málið var kært til Siðanefndar með bréfi lögmanns kæranda, dags. 21. febrúar 2022. Leitað var andsvara kærðu, sem bárust með bréfi lögmanns kærðu, dags. 18. mars 2022. Kærða, Reyni Traustasyni, var gefinn kostur á að skýra mál sitt á fundi nefndarinnar, í samræmi við 8. gr. vinnureglna. Hann þáði það ekki en ritaði Siðanefnd tölvuskeyti 14. apríl 2022, vegna þeirra atriða sem Siðanefnd óskað nánari skýringa við. Nefndin ræddi málið á fundum sínum 1. mars 2022, 15. mars 2022, 12. apríl 2022, 26. apríl 2022, 17. maí 2022 og 31. maí 2022. Úrlausn málsins hefur dregist vegna forfalla nefndarmanna og gagnaöflunar.

Málavextir.

Kærandi lýsir því að undanfarna mánuði hafi Mannlíf staðið í einhverskonar herferð gegn sér og vísar til umfjöllunar sem þegar hafi verið kærð til Siðanefndar og er þar til umfjöllunar í máli nr. 8/2021-2022. Kærandi áréttar sérstaklega að kærði hafi látið hjá líða að upplýsa lesendur um hagsmunatengsl sín varðandi efnið sem hann ritar og vísar til þess að kærði hafi sjálfur, eða útgáfufélag hans, mótttekið greiðslur fyrir neikvæða umfjöllun um kæranda, frá félagi í eigu Halldórs Kristmannssonar. Kærandi telur að kærða hafi brotið gegn 3. gr., 4. gr. og 5. gr.

Nánar tilgreinir kærandi eftirtalin atvik:

- Grein, birt í Mannlífi 13. febrúar 2022, undir yfirskriftinni:
Svafa Grönfeld ætlar að bera vitni: Svarar spurningum um meinta líkamsárás Roberts á Phil Price.
Kærandi finnur að því að í greininni sé því haldi fram að kærandi hafi haldið því fram að hann hafi tiltekin gögn úr bókhaldi Sólartúns ehf., útgáfufélags Mannlífs, í fórum sínum og það hafi ekki verið leiðrétt þrátt fyrir að það sé rangt og þrátt fyrir beiðni um leiðréttingu þar að lútandi.
- Grein birt í Mannlífi 17. febrúar 2022, undir yfirskriftinni:
Vitni staðfestu líkamsárásir Róberts við Fréttablaðið – Svafa vonaði að „þetta fréttist ekki.“
Kærandi finnur að því að í greininni sé því haldið fram að kærandi hafi haldið því fram að hann hafi undir höndum trúnaðargögn úr bókhaldi Sólartúns ehf., útgáfufélags Mannlífs, í fórum sínum og það hafi ekki verið leiðrétt þrátt fyrir að það sé rangt og þrátt fyrir beiðni um leiðréttingu þar að lútandi.

Lögmaður kærða ritaði andsvör. Kærðu gera aðallega kröfu til að málinu verði vísað frá Siðanefndinni en til vara að kröfum kæranda verði hafnað. Sérstaklega er tekið fram að kærði hafni því að hafa þegið greiðslur fyrir að skrifa neikvæðar fréttir um kæranda.

Umfjöllun.

Í dag hefur Siðanefnd komist að þeirri niðurstöðu í úrlausn um mál nr. 8/2021-2022, að telja að með móttöku fjármuna frá Halldóri Kristmannssyni, vegna bókarskrifa um kæranda, hafi kærði, orðið vanhæfur til að fjalla um málefni kæranda í fréttamiðli með þeim hætti sem hin kærða umfjöllun var fram sett enda bar honum skv. 5. gr. siðareglna að varast slíka hagmunaárekstra. Siðanefnd telur skrif kærða í máli þessu vera sömu mörkum brennd. Með vísun til úrskurðar í máli nr. 8/2021-32022 telur Siðanefnd kærða hafa því brotið gegn 5. gr. siðareglna. Að fenginni þessari niðurstöðu telur Siðanefnd ekki vera efni til að taka afstöðu til hinna einstöku kærutriða.

Úrskurður.

Kærði, Reynir Traustason teljast hafa brotið siðareglur BÍ. Brotið er alvarlegt.


Reykjavík, 31. maí 2022.


Hjörtur Gíslason


Ásgeir Þór Arnason


Fanney Birna Jónsdóttir


Friðrik Þór Guðmundsson


Emma Björg Eyjólfsdóttir